

**Sp. 392. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]**

um að fella úr gildi ákvæði 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins, nr. 190/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að fella úr gildi bifreiðafríðindi ráðherra samkvæmt ákvæðum 10. gr. reglugerðar nr. 190/1985, um bifreiðamál ríkisins.

**Greinargerð.**

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að fella úr gildi sérstök bifreiðafríðindi ráðherra.

Á Alþingi hafa nokkrum sinnum verið flutt frumvörp og þingsályktanir sem hafa haft það að markmiði að fella niður bifreiðafríðindi sem ráðherrar og embættismenn ríkisstofnana njóta. Hér skal minnt á stjórnarfrumvarp sem flutt var á 100. löggjafarþingi um að fella niður heimild í tollskrá um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra. Í greinargerð með því frumvarpi kemur eftirfarandi fram:

*„Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar er verða einkaeign þeirra með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu.“*

Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á 106. löggjafarþingi þingsályktunartillögu um afnám bílafríðinda embættismanna og var hún samþykkt 22. maí 1984.

Á 107. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins frumvarp til laga um breyting á lögum um tollskrá þess efnis að fella úr gildi ákvæði í tollskrá um bifreiðafríðindi ráðherra.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar lagði til 19. apríl 1985 að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi rökum:

1. Fjármálaráðherra hefði ákveðið að leggja fram frumvarp til tollalaga en í því frumvarpi yrði felld niður heimild um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra.
2. Reglugerð væri í undirbúningi þar sem þegar í stað yrði tekið fyrir veitingu slíkra fríðinda.

Ljóst er af ofangreindu að vilji Alþingis stendur til þess að afnumin verði þau bifreiðafríðindi sem ráðherrar og embættismenn ríkisstofnana njóta.

Þó að ríkisstjórninni hafi verið ljós vilji Alþingis í þessu efni var engu að síður gefin út reglugerð 30. apríl s.l. sem felur í sér að ráðherrar, ef þeir svo kjósa, geti fengið úr ríkissjóði nánast ígildi þeirra aðflutningsgjalda sem Alþingi og ríkisstjórn lýstu yfir á síðasta löggjafarþingi að bæri að afnema. Ekki er hægt að draga aðra ályktun af þessu en að ríkisstjórnin gangi í berhögð við vilja Alþingis í þessu efni. Hér er því farið bakdyramegin að hlutunum með því að fjármálaráðherra gefur út reglugerð þar sem með annarri aðferð er fundin leið til að ráðherrar geti haldið ígildi fyrri bifreiðafríðinda. Þetta minnir óneitanlega á umdeildan launauka bankastjóra sem koma átti í stað fyrri bifreiðafríðinda sem þeir áður nutu.

Í 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins frá 30. apríl s.l. er kveðið á um að ráðherra hafi eftirfarandi valkosti:

1. Hver ráðherra geti fengið til umráða ríkisbifreið sem ríkissjóður ber allan kostnað af.
2. Ráðherra eigi þess kost að nýta eigin bifreið til embættisstarfa og ber þá ríkissjóður allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar. Auk þess greiðir ríkissjóður ráðherra fyrningarfé er sé hvert ár 20% af virði bifreiðarinnar.

Aætla má, miðað við fyrri reglu sem gildi um eftirgjöf af gjöldum vegna bifreiða ráðherra, að eftirgefin gjöld hafi numið 60% af bílverði.

Niðurfellingu á gjöldum gátu ráðherrar fengið á 3ja ára fresti. Það svarar til 20% á ári af bílverðinu sem er sama prósentutala og valin er sem árleg fyrning í nýrri reglu sem nú gildir um bifreiðafríðindi ráðherra.

Í fréttatilkynningu frá viðskiptaráðuneytinu, dags. 3. sept. 1985, er því beint til bankaráða ríkisbankanna að reglur um bifreiðafríðindi ráðherra verði höfð til hliðsjónar við endurskoðun á reglum um bílamál bankastjóranna.

Fréttatilkynningin hljóðar svo:

#### **Athugun á starfskjörum bankastjóra ríkisbankanna.**

Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, hefur skilað meðfylgjandi skýrslu til Matthíasar Á. Mathiesen viðskiptaráðherra um athugun sína á starfskjörum bankastjóra ríkisbankanna. Skýrslan hefur nú verið afhent bankaráðum ríkisbankanna.

Þá hefur viðskiptaráðherra sent bankaráðunum bréf, dags. 30. ágúst 1985, þar sem þeim er falið að endurskoða reglur, annars vegar um bílamál bankastjóranna, þar sem ákvæði gildandi reglugerðar nr. 190/1985 um bifreiðamál ríkisins verði höfð til hliðsjónar (sbr. einkum 10. gr.), og hins vegar um eftirlaunamál þeirra, þar sem eftirlaunaréttindi verði færð til samræmis við almenn lögjafarviðhorf í því efni.

Jafnframt er farið fram á það í bréfinu að allar fyrirhugaðar breytingar á starfskjörum bankastjóra og annarra starfsmanna ríkisbankanna verði kynntar viðskiptaráðherra en um það verða sett ákvæði í fyrirhugaða reglugerð um starfsemi ríkisviðskiptabankanna, sbr. lög nr. 86/1985.

---

Nú þegar liggur fyrir tillaga hjá a.m.k. einu bankaráði ríkisbankanna um að bankastjórar skuli njóta sömu bílafríðinda og ráðherrar.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu að óeðlilegt sé að bankastjórar njóti þessara bílafríðinda og getur Alþingi komið í veg fyrir að slíkt gerist með því að samþykkja ályktun um að fella úr gildi umrædd ákvæði um bílafríðindi ráðherra frá 30. apríl s.l.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu að nauðsynlegt sé að Alþingi lýsi ótvírætt yfir vilja sínum í þessu efni þannig að afdráttarlaust liggi fyrir að lögjafarvaldið telji óeðlilegt að ráðherrar eða embættismenn ríkisstofnana hafi sérstök bifreiðahlunnindi langt umfram það sem almennt gildir í landinu sem dæmi eru um að megi á einu ári jafna til 8 árslauna verkafólks.

Það hlýtur líka að þurfa sérstakrar athugunar við ef mánaðarlegur rekstrarkostnaður bifreiða ráðherra getur numið allt að 6 mánaða dagvinnulaunum verkafólks, sbr. svar við fsp. um bifreiðamál ráðherra sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Þegar lítið er til forsögu þessa máls verður að vænta að það verði endurskoðað og að afdráttarlaus vilji Alþingis liggi fyrir í þessu efni.